

Sp.

618. Nefndarálit

[100. mál]

um till. til þál. um kosningu þingnefndar vegna rekstrarvanda í íslenskum sjávarútvegi.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Fiskifélagi Íslands, Þjóðhagsstofnun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi Sambands fiskframleiðenda, Sölu-sambandi íslenskra fiskframleiðenda, viðskiptaráðuneytinu og sjávarútvegsráðuneytinu.

Þótt flestar umsagnirnar hvetji til aðgerða af hálfu stjórnvalda til að bæta hag sjávarútvegs er jafnframt ljóst að niðurstöður liggja fyrir um mörg þau atriði sem lagt er til í þingsályktunartillögunni að athuguð séu. Ríkisstjórnin hefur vanda sjávarútvegsins til athugunar og meðferðar og hefur reyndar frá því tillagan var flutt þegar gert ráðstafanir í þágu sjávarútvegsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að **tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 22. mars 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form.

Björn Dagbjartsson,
frsm.

Pórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.